

Fundargerð



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

61. fundur.

að Hlíðavegi 6, 3. júlí 2009, kl. 14:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Kjör oddvita og varaoddvita.
3. Erindi frá Héraðsnefnd Pingeyinga, skipan fulltrúa í starfshóp um endurskoðun fjallskilagreglugerðar.
4. Erindi frá sýslumanni vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf.
5. Fundargerð Byggingarnefndar frá 18. júní.
6. Erindi frá Kristjáni Stefánssyni f.h. Golfklúbbs Mývatnssveitar, styrkbeiðni.
7. Kvörtun frá Hönnu Kristínu Pétursdóttur vegna katta.
8. Erindi frá Ástu Kristínu Benediktsdóttur, styrkbeiðni.
9. Deiliskipulag vatnstanks.
10. Verðlaun fyrir ref.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Eypings frá 25 maí.

Umsögn vinnuhóps um mat á umferðaröryggi vega v/deiliskipulagstillögu við Skútustaði.

Bréf Meistarafélags byggingamanna á Norðurlandi frá 22. júní.

Fundargerð Héraðsnefndar Pingeyinga frá 10. júní.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9 og 10 yrði bætt á dagskránnu.

2. Kjör oddvita og varaoddvita.

Gerð var tillaga um að Margrét Hólm Valsdóttir yrði kjörin oddviti og Böðvar Pétursson varaoddviti, til loka kjörtímabils. Aðrar tillögur voru ekki gerðar og eru Margrét Hólm og Böðvar því sjálfkjörin.

3. Erindi frá Héraðsnefnd Þingeyinga, skipan fulltrúa í starfshóp um endurskoðun fjallskilagreglugerðar.

Á fundi Héraðsnefndar Þingeyinga 10. s.l. var samþykkt að óska eftir því við sveitarfélögin á svæði Héraðsnefndar að þau tilnefni hvert fyrir sig einn mann og annan til vara í starfshóp sem fái það verkefni að endurskoða fjallskilareglugerðir sem eru í dag þrjár þ.e. S-Þingeyjarsýsla, Kelduhverfi og svæðið austan Jökulsár á Fjöllum.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Sólveig Erla Hinriksdóttir og til vara Kári Þorgrímsson.

Kristján tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

4. Erindi frá sýslumanni vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf.

Með bréfi dags. 11. júní er óskað umsagnar sveitarstjórnar um rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf. til reksturs gistingar, flokkur II, í smáhýsum að Geiteyjarströnd 1.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

5. Fundargerð Byggingarnefndar frá 18. júní.

Liður 5, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir afgreiðsluhús á lóð Voga ferðaþjónustu ehf., liður 6, þar sem óskað er eftir endurnýjuðu stöðuleyfi fyrir smáhýsi að Geiteyjarströnd 1, liður 7, þar sem óskað er umsagnar á rekstrarleyfi til handa Héðni Sverrissyni v/Geiteyjar ehf. og liður 10 þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir garðhýsi við Lynghraun 5, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar að öðru leyti en því að varðandi afgreiðslu nefndarinnar á lið 6, ítrekar sveitarstjórn að þar sem vinna við deiliskiplag við Geiteyjarströnd 1 hófst fyrir tveimur árum síðan, verði þeirri vinnu lokið fyrir 1. maí 2010.

6. Erindi frá Kristjáni Stefánssyni f.h. Golfklúbbs Mývatnssveitar, styrkbeiðni.

Með bréfi dags. 22. júní óskar Golfklúbbur Mývatnssveitar eftir því að sveitarfélagið styrki starfsemi klúbbsins með því að sjá um kaup og frágang á rotþró við nýtt hús félagsins við Krossdalsvöll, auk þess óskar félagið eftir því að fá að tengja rafmagnskapal við mæli sem staðsettur er í hlíðinni við Birkihraun.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að heimila Golfklúbbnum að tengja rafmagnskapal við nefndan mæli en frestar afgreiðslu á styrk vegna kaupa og frágangs á rotþró þar til kostnaður við slíkt liggur fyrir. Kristján vék af fundi við afgreiðslu málsins.

7. Kvörtun frá Hönnu Kristínu Pétursdóttur vegna katta.

Með bréfi dags. 24. júní kemur Hanna Kristín á framfæri óánægju sinni vegna ágangs katta við heimili hennar að Skútahrauni. Þannig hátti til að hún sé haldin bráðaofnæmi fyrir köttum og því sé það illþolandi að þurfa að líða ágang þeirra á eigin garði svo ekki sé minnst á að fá þá inn ef einhvers staðar standi opinn gluggi. Mæli hafi þó fyllt þegar kettirnir komu sér fyrir upp á barnavagninum.

Í samþykktum Skútustaðahrepps um hunda og kattahald segir í 6. gr.:

Allir heimiliskettir skulu merktir hálsól með bjöllu, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

Eigendum katta og annarra gæludýra er skylt að gæta þess að þau valdi ekki nágrönnum ónæði. Berist skriflegar, rökstuddar kvartanir, geta eigendur búist við að verða að sæta takmörkunum á dýrahaldi, (samanber ákvæði 4. gr. um hundahald).

Sveitaryfirvöldum er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún á sér stað.

Þetta er í annað skiptið á stuttum tíma sem kvörtum berst vegna ónæðis af köttum.

Sveitarstjórn samþykkir að senda kattaeigendum í þorpinu bréf þar sem vakin er athygli á 6. gr. samþykta um hunda og kattahald í Skútustaðahreppi. Beri það ekki árangur geta eigendur búist við að verða látnir sæta takmörkunum á kattahaldi.

8. Erindi frá Ástu Kristínu Benediksdóttur, styrkbeiðni.

Með bréfi dags. 26. júní óskar Ásta Kristín eftir styrk frá sveitarfélaginu til setu á námskeiðinu *Writing Local Cultures* sem haldið verður í fræðasetrinu í Svartáarkoti, Bárðardal. Hún ásamt fimm öðrum meistaranemun við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands standi til boða að sitja námskeiðið.

Meginviðfangsefnið er handritamennig síðari alda þar sem handrit voru skrifuð samhliða fjöldaframleiðslu prentlistarinnar. Bréfritari lætur þess og getið að þátttaka í þessu námskeiði sé sérstaklega mikilvæg fyrir sig þar sem hún hyggist hefja doktorsnám á næsta ári og rannsaka handrita- og prentmenningu í Þingeyjarsýslum á síðari hluta 19. aldar sem og þingeyskra rithöfunda sem skrifuðu á þeim tíma.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50. þús.

9. Deiliskipulag vatnstanks.

Á fundi sveitarstjórnar 26. mars var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir vatnstank. Skipulagssvæðið tekur til reits sem merktur er 16 í aðalskipulagi. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna.

10. Verðlaun fyrir ref.

Í kjölfar fundar sem sveitarstjórn átti með ráðnum grenjaskyttum í sveitarfélaginu þann 11. júní s.l. var ákveðið að skoða fyrirkomulag grenjavinnslu í hreppnum, þar með talið greiðslu verðlauna fyrir unnin ref og yrðlinga, til samræmis við önnur sveitarfélög.

Frá og með 1. maí s.l. verður samningsbundnum grenjaskyttum greitt kr. 14.000,- fyrir unninn ref og kr. 7.000,- fyrir hvern yrðling, aðrir fá áfram greitt kr. 7.000,- fyrir unninn ref á tímabilinu 1. ágúst til 31. mars.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Böövar sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böövar Pétusson.